

Yfir 50% aukning á fjölda háskólastúdenta á Íslandi á tímabilinu 1998 til 2006

Í ritinu [Key Data on Education in Europe 2009](#) (PDF) sem er nýkomið út eru birtar margvíslegar samanburðarhæfar upplýsingar um menntamál í 31 landi í Evrópu. Upplýsingarnar eru frá árinu 2006.

Þar kemur m.a. fram að árið 2006 er í meira en helmingi landanna varið yfir 5% af vergri landsframléiðslu til menntamála. Hlutfallið á Íslandi var umtalsvert hærra sama ár eða 7,6%. Eina landið sem varði hærra hlutfalli en Ísland til menntamála var Danmörk með 8%.

Ung börn í Evrópu sækja í vaxandi mæli leikskóla þótt skólasókn á þessu skólastigi sé ekki skylda og foreldrar þurfi að greiða fyrir þjónustuna. Ísland er í hópi níu landa þar sem yfir 90% fjögurra ára barna sótti leikskóla.

Í langflestum Evrópulöndum er skyldunám níu eða tíu ár. Á barnaskólaaldri er mestum tíma varið til móðurmálskennslu og stærðfræði. Á unglinga- og framhaldsskólastigi virðist hins vegar kennsla í þessum greinum minnka og meiri tíma varið til kennslu í erlendum tungumálum, náttúrufræði-og samfélagsgreinum.

Fimm ára barn sem byrjar í skóla í Evrópu getur vænst þess að eyða u.þ.b. 14 til 19 árum ævi sinnar til formlegrar menntunar. Á Íslandi má fimm ára gamalt barn búast við 20

(19.9) ára formlegri skólagöngu.

Fjöldi háskólastúdenta í aðildarlöndum ESB hefur farið stöðugt vaxandi á undanförmum árum. Á tímabilinu 1998 til 2006 fjölgaði þeim um 25% og var árleg fjölgum 2.8%. Ísland var eitt þeirra landa þar sem aukningin var hlutfallslega mest á þessu tímabili eða rúmlega 50%.

Menntun kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi er á háskólastigi og spannar þrjú til sex ár. Meirihluti kennara á grunn- og framhaldsskólastigi eru konur en á háskólastigi er hlutfallið tæplega 40%.

Yfirvöld menntamála leggja áherslu á gæði menntunar. Til þess að meta skólastarf er sjónum yfirleitt beint að stofnanaúttektum á skólum og mati á einstaka kennurum en í nokkrum löndum beinist matið að viðkomandi sveitarfélagi. Í öllum löndunum er innra mat skóla skylda eða sterklega mælt því. Niðurstöður samræmdra prófa, bæði könnunarprófa og lokaprófa, eru notaðar við ytra mat í nær öllum löndum Evrópu.

Key Data on Education er gefið út af Eurydice, upplýsinganeti um menntamál í Evrópu en það er unnið af [Eurydice](#) í samvinnu við [Eurostat](#).

Stuðningur við innleiðingu laga um leik- og grunnskóla

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa gert samstarfssamning um ráðningu sameiginlegs verkefnisstjóra til tveggja ára, með tilstyrk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, til að vinna að innleiðingu á ákvæðum laga um leikskóla og grunnskóla með sérstaka áherslu á mat og eftirlit með gæðum skólastarfs.

Meginmarkmið verkefnisins er að stuðla að framþróun skólastarfs í leik- og grunnskólum, auka aðgengi skóla og sveitarfélaga að ráðgjöf og bættu upplýsingaflæði um skólamál. Þessum markmiðum verður m.a. náð með því að kortleggja og greina upplýsingasöfnun sem nú þegar fer fram hjá opinberum aðilum og samtökum, greina þau mats- og eftirlitstæki sem sveitarfélög nýta sér í eftirlitshlutverki sínu með leikskólum og grunnskólum og skýra eftirlit- og matshlutverk sveitarfélaga samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla.

Stjórnsýsla verkefnisins verður hjá sambandinu. Skipuð hefur verið [fjögurra manna verkefnisstjórn yfir verkefninu](#) og Björk Ólafsdóttir ráðin verkefnastjóri.

„Æskilegt að skólar nýti alla möguleika í nærsamfélaginu“

Þriðja Skólaping Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldið á Hilton Nordica Hótel í Reykjavík 2.nóv. sl.. Þátttakendur þingsins voru um 200, frá sveitarfélögum um land allt, skólaskrifstofum, kennaramenntunarstofnunum, Kennarasambandinu, Heimili og skóla auk fulltrúa frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Yfirskrift þingsins var „Skóli á tímamótum, hvernig gerum við enn betur?“ Í ávarpi við setningu þingsins sagði Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga m.a. „Við þessar aðstæður þurfum við gott samstarf við menntamálaráðuneytið um til hvaða leiða sé mögulegt að grípa t.d. sem tímabundin frávik frá einstaka lagaákvæðum til þess að styðja við sveitarfélög í þeim miklu hagræðingaraðgerðum og niðurskurði sem þau standa nú í en vilja þó með öllum tiltækum ráðum standa vörð um og efla gæði skólastarfs.“

Í ávarpi [Katrínar Jakobsdóttur](#) mennta- og menningarmálaráðherra lagði hún áherslu á að allar aðrar leiðir væru farnar til hagræðingar áður en kæmi til skerðinga á

lögbundnum kennslutíma nemenda. „Hins vegar tel ég koma vel til greina að fresta gildistöku aukins valfrelsis á unglingsstigi grunnskóla, a.m.k. þar sem skólar og sveitarfélög treysta sér ekki til þess vegna efnahagsþrenginga. Eins tel ég æskilegt að skólar nýti alla möguleika í nærsamfélaginu til samstarfs til að geta boðið nemendum upp á aukna fjölbreytni sem gæti nýst sem hluti af skyldunáminu óski foreldrar þess“, sagði ráðherra. Einnig hvatti ráðherra sveitarfélög að leita í sátt við skólasamfélagið eftir aðstoð sjálfbóðaliða í skólastarfi, ekki síst með þátttöku foreldra í ýmsum verkefnum en víða væru foreldrar óvirkjuð auðlind í skólastarfi, eldri borgara eða annarra aðila, en afar lítil hefð er fyrir sjálfbóðaliðastarfi í skólum hér á landi.

Á þinginu voru flutt ýmis erindi um skólamál út frá sjónarhorni ýmissa hagsmunaaðila. Einnig var fjallað um kennaramenntun og símenntun kennara. Þingið þótti takast vel og ljóst er að sveitarfélög eru staðráðin í að leita allra leiða til að viðhalda gæðum skólastarfs á þrengingartímum. Efni frá Skólapingi Sambands íslenskra sveitarfélaga er aðgengilegt á [vef sambandsins](#) ásamt hljóðskrá af fyrirlestrunum.

